



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Dómsmálaráðuneyti
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 8. febrúar 2021

2102012SA KB
Málalýkill: 00.64

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir, mál nr. S-29/2021.

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 29. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir nr. 82/2008.

Með frumvarpinu er verið að skerpa á og gera breytingar á hugtökum í þeim tilgangi að skilgreina betur hvenær valdheimildir almannavarnayfirvalda virkjast og skýra skilin milli þeirra og þjóðaröryggisráðs. Ákvæði um almannavarnarstig eru færð í lögin svo ekki sé eingöngu kveðið á um þau í reglugerð og mælt fyrir um nýtt fyrirkomulag á rýni aðgerða vegna almannavarnarástands. Þá er gert ráð fyrir að bráðabirgðaákvæði um borgaralega skyldu starfsmanna á hættustund verði fært varanlega inn í lögin.

Borgaraleg skylda opinberra starfsmanna á hættustundu

Eins og fram hefur komið er með frumvarpinu lagt til að efni bráðabirgðaákvæðis II um borgaralega skyldu opinberra starfsmanna, sem upphaflega var bætt við lögin með lögum 27/2020, verði varanleg heimild. Tiltekið er í greinargerð að góð reynsla hafi verið af beitingu þess við allar þær skipulagsbreytingar sem opinberir aðilar hafa þurft að gera vegna samkomubanns, 2 metra reglu og margs konar annarra takmarkana til að bregðast við faraldrinum.

Umrætt bráðabirgðaákvæði hefur gert sveitarfélögum kleift að halda úti nauðsynlegri velferðarþjónustu ásamt því að tryggja opnun leik- og grunnskóla meðan heimsfaraldur hefur gengið yfir með tilheyrandi áhrifum á samfélagið. Sem dæmi hafa sveitarfélög nýtt starfskrafta starfsfólks íþróttamiðstöðva og sundlauga, er voru tímabundið lokaðar, til að halda úti nauðsynlegri þjónustu eins og sólarhringsopnun á húsnæði fyrir heimilislausa og útkeyrslu á mat til aldraðra. Í skólamálum hefur ákvæðið tryggt að einfaldara sé að breyta starfsemi leik- og grunnskóla með skömmum fyrirvara, allt eftir því hvaða takmarkanir eru í gildi hverju sinni. Sambandið styður því heilshugar að umrædd heimild verði lögfest með varanlegum hætti.

Að lokum

Eins og bersýnilega hefur komið í ljós undanfarin misseri er nauðsynlegt að umgjörð almannavarna sé skýr og að ekki leiki vafi á um hlutverk og valdheimildir viðbragðsaðila. Það er því jákvætt að brugðist sé við fenginni reynslu með nauðsynlegum uppfærslum á löggjöf.

Samkvæmt frumvarpinu er það aðeins fyrsta skrefið í endurskoðun almannavarnarlaga en fyrirhugað er að árin 2022-2025 fari fram heildarendurskoðun sem unnin verði í víðtæku samráði. Sambandið leggur mikla áherslu á að vera frá upphafi haft með í ráðum við þá endurskoðun. Ljóst er að sveitarfélögin gegna veigamiklu hlutverki við almannavarnir. Þá bera þau ábyrgð á mikilvægri grunnþjónustu sem talið er nauðsynlegt að halda úti þegar neyðarástand ríkir eins og berlega hefur komið í ljóst varðandi skóla- og velferðarþjónustu á tímum Covid-19. Mikilvægt er að nýta fengna reynslu til að bæta umgjörðina og þar eru sveitarfélögin lykilaðilar. Er það því eindregin ósk sambandsins að það verði hluti af formlegum starfshóp við heildarendurskoðun laganna.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri